FORLAGIÐ

Kennsluleiðbeiningar og vinnubók
eftir Guðjón Ragnar Jónasson og Ingunni Björgu Arnardóttur

## Hetjur vinnubók


Bakgrunnur sögunnar ..... 5

1. Snorri Sturluson og Heimskringla ..... 5

2. Ólafs saga Tryggvasonar ..... 6

3. Ólafs saga helga ..... 8

Tíma- og atburðaás ..... 8

*Ætt Haralds hárfagra og Hlaðajarlar* ..... 10

Vinnubók til útprentunar með verkefnum úr sögunni .....

Kóngur uppi á súlu. ..... 12

Guri ..... 13

Túrhalur Túrdarson ..... 13

Snorre ..... 14

Túrhalur hverfur ..... 15

Í biðstöðu ..... 15

Sandgata ..... 16

Fuglatalning ..... 16

Beinagrindur ..... 17

Erlend ..... 17

Kasper, Jesper og Jónatan ..... 18

Fóstbræður ..... 18

Ormurinn langi ..... 20

Blóðbað ..... 21

Maríumessa ..... 22

Bardagar ..... 23

Böðullinn ..... 24

Pælingar ..... 24

Hetjur ..... 25

Munkarnir ..... 26

Seríur og músastigar ..... 27

Skrattasker ..... 27

Uppgjör ..... 28

Vinir ..... 29

Brúnir á móti svörtum ..... 29

Út í óvissuna ..... 30
Finnmörk ..... 30
Í landi miðnætursólarinnar ..... 31
Galdrar ..... 31
Pönnukökur með rjóma ..... 32
Bollaleggingar ..... 33
Á toppinn ..... 33
Ritunarverkefni ..... 34
Örsaga ..... 34
Draugasaga ..... 36
Myndasaga ..... 37
Saga Ólafs Tryggvasonar ..... 39
Aukaverkefni ..... 42

Á undanförnum árum hafa þær barna- og unglingabækur notið vaxandi vinsælda sem sækja yrkisefni sitt til löngu liðinnar fortíðar og miðla fornum sagnaarfi í skáldskap. Saga Kristínar Steinsdóttur, *Hetjur*, er ein af þessum sögum, og eftir að hafa lesið hana ættu nemendur að hafa fengið góða innsýn í sameiginlegan sagnaarf Norðmanna og Íslendinga. Þessi mikla gróska í útgáfu barnabóka með skírskotun til fortíðar er af hinu góða og mun án efa skila lesendum framtíðarinnar meiri þekkingu á sögu lands og þjóðar og betra læsi.

## Um höfundinn

Kristín Steinsdóttir er Austfirðingur. Hún fæddist á Seyðisfirði árið 1946 og er kennari að mennt og hefur kennt bæði við grunn- og framhaldsskóla. Árið 1987 sendi hún frá sér sína fyrstu barnabók og hefur síðan verið mikilvirkur höfundur. Einkum hefur hún samið bækur fyrir börn en einnig leikrit, og auk þess hefur hún þýtt barnabækur úr þýsku.

Yrkisefni Kristínar eru margvísleg. Oft byggjast bækur hennar á endurminningum frá æskuárunum þar sem hún tæpir á ýmsum málefnum sem lúta að uppeldi og þroska, eins og brenglaðri sjálfsmynd og fjölþjóðlegri menningu. Inn í sögurnar blandast oft fornar sagnir þar sem galdrar og dultrú í einhvers konar mynd eru nærtækar.

Í þessari bók er Kristín á kunnuglegum slóðum. Saga hennar *Hetjur* segir frá ungum dreng sem sest að í nýju landi, og inn í atburðarásina fléttast fornöldin, saga Noregs og norskra konunga. Við fáum að kynnast því hvernig það er að setjast að í nýju landi. Reynsla söguhetjunnar Þórhalls af því að laga sig að breyttum heimkynnum og skóla fær hann til að hugsa til gamalla skólafélaga sem teljast til nýrra Íslendinga. Í sögunni setur Þórhallur sig í spor þeirra og áttar sig á því að hlutskipti þeirra hefur sennilega ekki ævinlega verið auðvelt. Hér kemur upp í hugann hugtak sem tengist kennslu nýrra Íslendinga, það er að segja „gagnkvæm aðlögun“ sem svo er nefnd og felur í sér þann mikilvæga sannleik að Íslendingar og innflytjendur verði jöfnum höndum að laga sig hverjir að öðrum. Hugtakið „gagnkvæm aðlögun“ er mikilvægt í þessari umræðu og margir líta svo á að hér sé um lykilhugtak að ræða ef takast eigi að skapa jákvætt og uppbyggjandi fjölmenningarsamfélag. Hugtakið kemur eflaust upp í huga margra eftir að hafa lesið *Hetjur* og er þá komið að mikilvægu atriði sem reynt verður að kryfja betur í verkefnum og umræðuþáttum hér á eftir.

## Bakgrunnur sögunnar

Í sögunni *Hetjum* segir frá íslenskri fjölskyldu sem flytur til Noregs vegna þess að foreldrarnir eru að hefja þar nám. Við fáum innsýn í líf nýbúans og kynnumst öðrum norskum nýbúum þannig að hér fléttast fjölþjóðleg menning sameiginlegum sagnaarfi Íslendinga og Norðmanna þar sem mikilvægi hinnar svokölluðu gagnkvæmu aðlögunar skín í gegn. Íslenskur strákur þarf að setja sig í spor innflytjandans og þá lítur hann nýjum augum það hlutskipti íslenskra skólafélaga sinna af erlendu bergi brotnu að verða að laga sig að nýju samfélagi. Glöggt er gestsins auga.

Sögurnar af kristniboðskonungunum Ólafi Tryggvasyni, sem kristnaði Noreg, og nafna hans Ólafi Haraldssyni, sem sameinaði Noreg undir einn konung jafnframt því að efla kristna trú, mynda eins konar hryggjarstykki sögunnar. Áður en lengra er haldið skal í stuttu máli gerð grein fyrir sögu þessara tveggja konunga og sagnaritaranum Snorra Sturlusyni.

## 1. Snorri Sturluson og Heimskringla

Í bókinni er oft vísað til Snorra Sturlusonar sem var af hinni frægu Sturlungaætt. Hann fæddist árið 1179 að Hvammi í Dölum og var ungur sendur í fóstur til Jóns Loftssonar í Odda þar sem hann ólst upp til nítján ára aldurs. Þar nam hann margs konar fræði og lagði grunninn að fræðastörfum sínum síðar á ævinni. Snorri Sturluson var sonur Sturlu Þórðarsonar og Guðnýjar Böðvarsdóttur. Snorri var mikill kvennamaður og átti fjölmörg börn með mörgum konum. Snorri var mikill stjórnmálamaður og mjög vinsæll meðal almennings. Hann náði brátt frama sem stjórnmálamaður en var þó snemma umdeildur sem slíkur. Stjórnmálin urðu Snorra afdrifarík og að lokum lét hann lífið vegna þeirra afskipta sinna, haustið 1241.

Hróður Snorra sem sagnaritara hefur þó borið nafn hans víðar en stjórnmálavafstrið. Snorri Sturluson er einkum þekktur og viðurkenndur sem skáld og fræðimaður, sem snillingur á ritvelli, frumlega hugsandi sagnfræðingur, brautryðjandi í norrænni goðafræði og skáldskaparfræði. Snorri ritaði sögur Noregskonunga og lagði þar sitt að mörkum til að halda á lofti minningu þeirra og heiðri. Rit hans eru vel þekkt og vinsæl meðal Norðmanna sem hafa verið ötulir við að halda minningu hans á lofti og telja hann einn af merkustu

rithöfundum allra tíma. Þekktustu skáldverk Snorra Sturlusonar eru Snorra-Edda og Heimskringla. Margir vilja einnig eigna Snorra Egilssögu en um það mál verður aldrei úr skorið með vissu. Almennt er talið að Snorra-Edda sé elst af ritum Snorra og rituð rétt eftir 1220.

Heimskringla er sú bók Snorra sem tengist að töluverðu leyti sögu Kristínar Steinsdóttur, *Hetjum*. Hún fjallar um konunga Danmerkur, Noregs og Englands og ættir þeirra. Hún skiptist í formála þar sem Snorri gerir grein fyrir sýn sinni á efnið og fjallar um skáld og heimildagildi kveðskapar. Hann nefnir einnig til sögunnar fyrri rithöfunda og í því sambandi er rétt að minnast Ara fróða Þorgilssonar. Eftir formála kemur Ynglingasaga sem rekur uppruna Noregskonunga allt aftur til Óðins alföður. Þar upphefur Snorri konungana og telur upphaf þeirra mega rekja til hinna fornu goða.

Handrit Heimskringlu skiptist í þrjá hluta: Fyrsti hlutinn segir sögu Noregskonunga til Ólafs Tryggvasonar sem féll árið 1000, að sögu hans meðtalinni. Annar hlutinn fjallar um Ólaf Haraldsson, en þriðji og síðasti hlutinn segir sögu Noregskonunga eftir hans valdatíð árið 1028 allt til ársins 1177.

## 2. Ólafs saga Tryggvasonar

Ólafur Tryggvason (963–1000), varð konungur í Noregi árið 995. Foreldrar hans voru Tryggvi Ólafsson fylkiskonungur í Vigen og Ástríður Eiríksdóttir. Saga hans kallast sterkt á við nýbúasjónarhornið, enda ólst Ólafur upp í Rússlandi, og sumir fræðimenn hafa haldið því fram að hann hafi í rauninni verið Rússi. Þeir segja að sagan af því hvernig honum var laumað ungum til Rússlands sé ekki trúverðug og einungs sett fram til að réttlæta tilkall hans til konungsdóms í Noregi.

Sagan er í grófum dráttum á þá leið að eftir fall Tryggva árið 963 náði Ástríður að flýja á brott og henni fylgdi fósturfaðir hennar, Þórólfur lúsarskegg, sem aldrei skildi við hana. Við fall Tryggva konungs gekk Ástríður með barn þeirra og var það Ólafur. Óvinir þeirra fréttu af þessu og veittu þeim eftirför, en þau náðu að flýja undan þeim til Svíþjóðar þar sem þau bjuggu í þrjú ár. Gunnhildur, móðir Haralds gráfeldar Noregskonungs og ekkja Eiríks blóðaxar sem áður hafði verið konungur í Noregi, gerði allt til þess að drepa Ólaf því að hún óttaðist að hann gerði kröfu til þess að verða konungur Noregs. Ástríður brá þá á það ráð að flýja til Garðaríks sem var víkinganýlenda á vestanverðum sléttum Rússlands, og var Ólafur sonur

hennar þá þriggja ára. Á leiðinni var þeim rænt af víkingum og Ólafur varð viðskila við móður sína. Hann var keyptur af eistneskum manni sem hét Klerkón, og keypti sá einnig Þórólf lúsarskegg. Hins vegar þótti Klerkón Þórólfur of gamall til að verða þræll og lét drepa hann. Stuttu síðar var Ólafur seldur til annars karls sem hét Réas og var bóndi í Eistlandi. Þegar Ólafur var níu ára kom Sigurður Eiríksson móðurbróðir hans frá Garðaríki til að heimta skatta fyrir Valdimar konung í Hólmgarði, þar sem nú er borgin Novgorod. Sá hann fljótt að Ólafur bar af öðrum börnum og spurði hann að ætterni. Kom þá skyldleiki þeirra í ljós og keypti hann piltinn af bónda. Eftir það ólst Ólafur í Hólmgarði í Garðaríki og dvaldi þar næstu níu árin.

Mynd eitt: Svæðið sem bláa línan umlykur er áhrifasvæði norrænna manna í Rússlandi til forna (Garðaríki).

Fræg er sagan af því þegar Ólafur kom í Hólmgarð og sá Klerkón sem drepið hafði Þórólf lúsarskegg fóstra hans. Hann hefndi Þórólfs og hjó höfuðið af Klerkón. Á þessum tíma var reglan sú að með réttu hefði átt að svipta Ólaf lífi fyrir að drepa ódæmdan mann. Sigurður kom frænda sínum umsvifalaust til Allógíu drottningar í Hólmgarði sem strax féll fyrir mikilfenglegu útliti drengsins. Naut hann ásjár og verndar drottningar og Valdimars manns hennar næstu níu ár sem fyrr segir, þar til hann var átján ára. Öll þessi saga hefur yfir

sér dulúðlegan blæ, enda telja ýmsir að Ólafur Tryggvason hafi einfaldlega verið Rússi sem náði völdum í Noregi. Hér skal ekki lagður á það dómur, en spurningunni má varpa fram til nemendanna.

Ólafs saga Tryggvasonar hin mesta nefnist saga sú sem samin var um aldamótin 1300. Hún styðst við Ólafs sögu Tryggvasonar eins og Snorri Sturluson gekk frá henni í Heimskringlu, en eykur frásögnina mikið með öðru efni. Einkum er stuðst við fyrri sögur um Ólaf konung, t.d. Ólafs sögu Tryggvasonar eftir Odd munk Snorrason í Þingeyraklaustri, og glataða sögu um Ólaf eftir annan Þingeyramunk, Gunnlaug Leifsson, og ef til vill fleira efni úr öðrum glötuðum ritum eða munnlegri sagnageymd.

### 3. Ólafs saga helga

Ólafur Haraldsson var konungur í Noregi á árunum 1015 til 1028. Hann er þekktastur fyrir tilraunir sínar til að sameina landið undir eitt konungdæmi og að treysta kristni í sessi í ríki sínu, en fyrir það var hann síðar tekinn í dýrlingatölu. Talið er að Snorri Sturluson hafi ritað sögu Ólafs Haraldssonar um 1230, og hefur hún verið kölluð Ólafs saga hin meiri. Sagan var síðar felld inn í Heimskringlu þar sem lesa má hana í styttri útgáfu. Í Ólafs sögu helga skrifar Snorri aðallega um víkingaferðir og ár Ólafs sem konungs, en dregur úr helgisögum miðað við önnur handrit sem segja sögu Ólafs Haraldssonar

Norskir ættarhöfðingjar gerðu uppreisn gegn Ólafi Haraldssyni að undirlagi Knúts Danakonungs sem varð eftirmaður hans og því konungur samtímis í tveimur löndum. Ólafur flúði til Rússlands og leitaði hælis hjá Jarisleifi konungi sem kvæntur var systur hans. Hann reyndi að ná völdum á ný í Noregi, en féll árið 1030 í einum frægasta bardaga norrænnar sögu, á Stiklastöðum á Hálogalandi í Norður-Þrændalögum.

### Tíma- og atburðaás

Innri tími (sögutími) segir okkur hve langur tími líður innan sögu. Í *Hetjum* er hann eitt ár, en sagan segir frá einu ári í lífi fjölskyldu Þórhalls, þeim tíma sem hún dvelur í Þrándheimi við nám og störf.

Ytri tími tengist því hvenær saga gerist, hvort hún á sér stað í samtímanum eða fortíðinni. *Hetjur* gerast að stærstum hluta í samtímanum en þó er vísað til ákveðinna þátta í fortíðinni, sbr. það sem að framan segir um forna norska konunga og Snorra Sturluson. Einnig er í *Hetjum* lítillega vísað til þess tíma í Noregi þegar Þjóðverjar hernámu landið í heimsstyrjöldinni síðari í tengslum við þátttöku Henrys, afa Erlendar, í andspyrnuhreyfingu Norðmanna. Hér á eftir gefur að líta þá atburði og einstaklinga fortíðar sem vísað er til í sögunni í tímaröð. Um Snorra Sturluson og konungana, Ólaf Tryggvason og Ólaf Haraldsson er áður fjallað.

Hákon jarl stýrði Noregi á árunum 971–995 og komst upphaflega til valda í skjóli Haralds blátannar Danakonungs. Jarl merkir æðsti embættismaður konungs og oft voru menn gerðir að jörlum sem stýrðu löndum ef konungar voru of ungir til að taka við völdum eða þegar konungar stýrðu fleiri en einu landi.

Kjartan Ólafsson var íslenskur kappi á söguöld og persóna í Laxdælu. Hann var sonur Þorgerðar Egilsdóttur, dóttur Egils Skallagrímssonar, og Ólafs pá Höskuldssonar. Kjartan þótti „allra manna vænstur þeirra er fæðst hafa á Íslandi“ að því er segir í Laxdælu. Í Niðarósi (sem nú heitir Þrándheimur) í Noregi kynntust þeir Bolli Þorleiksson fósturbróðir hans Ólafi konungi Tryggvasyni eftir að hafa keppst um að kaffæra hvor annan í ánni Nið. Þeir létu skírast eftir nokkurt þóf og vildi konungur að þeir færu heim og boðuðu Íslendingum kristni.

Gunnhildur Össurardóttir var drottning í Noregi á árunum 933– 954 og þótti líkt og maður hennar Eiríkur blóðöx óvægin og grimm og þau hjónin voru því óvinsæl. Áður er þess getið að Gunnhildur vildi allt gera til þess koma Ólafi Tryggvasyni fyrir kattarnef, enda óttaðist hún að hann myndi síðar gera tilkall til krúnunnar.

Sonur þeirra Haraldur gráfeldur var konungur á árunum 959–974.

Orrustan við eyna Svoldur var sjóorrusta sem háð var á Eystrasalti í september árið 999 eða 1000. Ólafur Tryggvason var að koma úr leiðangri frá Vindlandi (héruðum á suðurströnd Eystrasalts þar sem nú er í Póllandi) og á leið heim til Noregs. Sveinn tjúguskegg Danakonungur, Ólafur sænski Svíakonungur og Eiríkur Hákonarson Hlaðajarl sátu fyrir honum með ofurefli liðs. Í Heimskringlu segir að Ólafur Tryggvason hafi einungis verið með ellefu skip í bardaganum en andstæðingar að minnsta kosti sjötíu. Skip Ólafs voru sigruð eitt

af öðru þar til skip hans, Ormurinn langi, var einn eftir. Eftir harða atlögu unnu Eiríkur jarl og menn hans skipið, en Ólafur varpaði sér í sjóinn og var talið að hann hefði þá drukknað. Margs konar flökkusögur komust síðan á kreik þess efnis að Ólafur hefði lifað orrustuna af og endað ævi sína sem munkur. Úr því fæst aldrei skorið og sennilega eru þær sögusagnir hluti af þeim sagnaheimi sem ætlað var að árétta helgi Ólafs.

Skip Ólafs Tryggvasonar, Ormurinn langi, þótti merkilegra og meira skip en önnur á þeim tíma. Fræg er sagan af því þegar Ólafur Tryggvason varðist fimlega gegn miklum mannsöfnuði við Svoldur líkt og lýst var hér að framan.

Garðaríki er gamalt norrænt nafn á þeim hluta Rússlands sem á víkingaöld var numinn að hluta og stýrt af norrænum mönnum, einkum Svíum. Þeir lögðu aðallega undir sig svæði í grennd við stærstu árnar og fljótin, allt suður til Kænugarðs (sem nú heitir Kiev í Úkraínu), og nýttu árnar sem siglingaleiðir suður til Svartahafs og jafnvel Kaspíahafs. Þegar rætt er um Garðaríki í fornum ritum bregður nafninu Austurvegur oft fyrir og talað var um að fara í Austurveg.

Hér má síðan sjá yfirlit um Noregskonunga frá tímum Haralds hárfagra og allt til þess er Ólafi Haraldssyni var steypt af stóli**.**

### *Ætt Haralds hárfagra og Hlaðajarlar*

- **872–931: Haraldur hárfagri**
- **931–933: Eiríkur blóðöx**
- **933–960: Hákon Aðalsteinsfóstri**
- **960–970: Haraldur gráfeldur**
- **970–995: Hákon jarl**
- **995–1000: Ólafur Tryggvason**
- **1000–1012: Eiríkur og Sveinn Hákonarsynir Hlaðajarlar, dönsk yfirráð**
- **1012–1015: Sveinn Hákonarson og Hákon Eiríksson Hlaðajarlar, dönsk yfirráð**
- **1015–1028: Ólafur helgi Haraldsson**
- **1028–1030: Knútur ríki Danakonungur**

Nafn:_____ Bekkur:_____

## Kóngur uppi á súlu.

1. Hvað heita fjölskyldumeðlimirnir sem eru nýfluttir til Noregs?

   _____

2. Hvað heitir borgin þar sem þau verða búsett í næsta árið?

   _____

3. Hvað eru foreldrar barnanna að fara að gera í Noregi næsta árið?

   _____

4. Finnið Þrándheim í kortabók og merkið inn á kortið.



5. Hvert er norskt nafn borgarinnar?

   _____

6. Af hverjum er styttan sem sagt er frá í kaflanum?

   _____

7. Nefndu þrjá menn sem hafa fengið styttu af sér á Íslandi.

   _____

## Guri

Finnið þennan texta í kaflanum og fyllið í eyðurnar.

Ég horfði á mávana _____yfir markaðinum. Það var eitthvað _____ við tilhugsunina um að vera_____, svífa frjáls uppi yfir öllu og _____með. Sumir fuglanna voru_____, aðrir_____. Ég reyndi að halda þeim _____ en það var _____. Skyldu _____vera með verk í_____?

## Túrhalur Túrdarson

1. Hvað heitir kennari Þórhalls og hvað fannst Þórhalli athugavert við hann?

   _____

2. Í kaflanum er Þórhallur nefndur Túrhalur og móðir hans segist taka upp nafnið Gerda þegar hún er í útlöndum. Hvernig gengur útlendingum að bera fram nafnið þitt? Breytist það mikið þegar það er borið fram á ensku? En dönsku?

   _____

3. Finndu þrjú íslensk nöfn sem gæti verið erfitt að bera fram á öðru máli en íslensku.

   _____

4. Af hverju líður Þórhalli illa í lok kaflans? Hvar er honum illt? Af hverju gæti það stafað?

   _____

   _____

## Snorre

1. Hvar var fjölskyldan í sumarbústað um sumarið?

   _____

2. Merkið staðinn inn á Íslandskort.



3. Hvar bjó Snorri Sturluson?

   _____

4. Rifjaðu upp allt sem er sagt um Snorra Sturluson í kaflanum. Hvar bjó hann, hvernig var honum lýst, hvaða þrjár bækur eftir Snorra Sturluson sýnir Þórður Þórhalli. Og af hverju halda Norðmenn svona mikið upp á Snorra?

   _____

   _____

   _____

   _____

   _____

5. Hvernig dó hann?

   _____

6. Sögu hvers skrifaði Snorri Sturluson meðal annars?

   _____

7. Hvaða áhöld notuðu menn sem skrifuðu bækur á þessum tímum?

   _____

8. Hvert var gamla nafnið á Þrándheimi?

   _____

9. Þórður minnist á tvo konunga í þessum kafla, hvað hétu þeir og hvað áttu þeir sameiginlegt?

_____

_____

10. „Það var nú bara gott á þá að vera drepnir fyrst þeir sviku gömlu goðin“ segir Þórhallur. Um hvaða goð er Þórhallur að tala. Nefnið fimm nöfn.

_____

_____

_____

## Túrhalur hverfur

1. Hvað hét víkingaskip Ólafs Tryggvasonar?

_____

2. Þórður minnist í kaflanum á stað sem heitir Valhöll. Hvað er Valhöll og hvernig kemst maður þangað?

_____

_____

_____

3. Þórhallur tekur sér nafnið Snorre til að vera eins og Snorri Sturluson. Ef þú ættir að taka þér annað nafn hvaða nafn yrði fyrir valinu og af hverju?

_____

_____

## Í biðstöðu

1. Erfitt er að flytja til nýs lands. Hvað heldur þú að sé erfiðast við að flytjast á milli landa?

_____

_____

_____

2. Hvað getum við gert til að taka sem best á móti nýjum bekkjarfélögum?

_____

_____

_____

3. Hvernig er tekið á móti Þórhalli?

_____

_____

_____

## Sandgata

1. Hver er eini íslenski dýrlingurinn og hvaða dagur er tileinkaður honum?

_____

2. Guri er mikill safnari, hverju safnar hún?

_____

_____

3. Þekkir þú einhvern sem safnar sérkennilegum hlutum? Hverju þá?

_____

_____

4. Hvert sendi Guri Þórhall með súpu og handa hverjum er súpan?

_____

_____

5. Hvað merkir að vera sérvitur?

_____

_____

## Fuglatalning

1. Af hverju heldur Þórhallur að hann sé að bilast?

_____

_____

2. Þórhallur virðist sífellt vera að þjást af einhverjum slappleika, hver heldur þú að gæti verið ástæða þess?

_____

_____

3. Þórhallur á að fara í skólaferðalag, hvað gerir hann í staðinn?

_____

_____

4. Hvaða sögu segir Þórður í lok kaflans? Endursegðu hana með þínum orðum.

_____

_____

_____

_____

_____

_____

## Beinagrindur

1. Hvað er móðurmálskennsla?

_____

Umræðupunktar – veltið fyrir ykkur orðunum móðurmál og föðurland.

## Erlend

1. Hvar hittast þeir Þórhallur og Erlend?

_____

2. Hvernig er Ólafi Tryggvasyni lýst í sögunni?

_____

_____

_____

3. Teiknaðu mynd eftir lýsingunni.

## Kasper, Jesper og Jónatan

1. Hvað heita amma og afi Erlends?

   _____

2. Hvað heita kettirnir á heimilinu?

   _____

3. Í hvaða fræga leikriti koma þessi nöfn einnig fyrir?

   _____

4. Grennslastu fyrir um eftir hvern leikritið er og hvers lenskur höfundurinn sé?

   _____

## Leyndarmál

1. Hver voru leyndarmál Erlends?

   _____

2. Hvað hét skipið?

_____

3. Handa hverjum er teiknimyndasagan og hvert er tilefni þess að Erlend ætlar að gefa hana?

_____

_____

4. Hver er Ástríður? Af hverju teiknar Erlend hana feita?

_____

5. Af hverju vildi Gunnhildur drepa Ólaf?

_____

6. Hver var Klerkón?

_____

7. Hvað borgaði hann fyrir Ólaf?

_____

8. Ólafur er seldur öðru sinni. Hver kaupir hann og hvað borgar viðkomandi fyrir hann?

_____

9. Þriðji maðurinn kaupir Ólaf. Hver er sá maður og hvernig er hann skyldur Ólafi?

_____

10. Hvað borgaði hann fyrir Ólaf?

_____

## Fóstbræður

1. Í kaflanum talar Þórhallur um tungumálin arabísku, urdu og swahili. Hvar eru þessi tungumál töluð?

_____

2. Hvað heldur þú að það séu töluð mörg tungumál í heiminum í dag?

   A (  ) 200

   B (  ) 500

   C (  ) 5000–6000

3. Teldu upp eins mörg tungumál og þú getur.

   _____

   _____

   _____

   _____

4. Þeir Þórhallur og Erlend ganga í fóstbræðralag. Lýstu því hvernig sú athöfn gekk fyrir sig.

   _____

   _____

   _____

5. Hvaða nöfn taka þeir upp?

   _____

   _____

   _____

## Ormurinn langi

1. Þeir félagar bregða sér í sund í ánni Nið. Eftir hvaða atburði herma þeir og hvaða tveir menn komu þar við sögu?

   _____

   _____

   _____

2. Í kaflanum er sagt frá flakki Ólafs Tryggvasonar. Rifjaðu upp til hvaða landa hann fór.

   _____

   _____

Í kaflanum er sagt frá sjóferð Ólafs Tryggvasonar frá Rússlandi. Merkið þessa sjóferð inn á kortið.

## Blóðbað

1. Hvernig fréttu foreldrar Þórhalls af sundi þeirra Erlends?

_____

2. Hvað var Ólafur gamall þegar hann drap Klerkón?

_____

3. Hvert fer Sigurður frændi Ólafs með hann?

_____

_____

3. Hvar í heiminum gerist þetta?

_____

_____

4. Hvern hjó Egill Skallagrímsson og hvað var hann gamall þegar það átti sér stað?

_____

_____

5. Katla kemur heim í miklu uppnámi vegna þess að litla frænka Shirouk og móðir hennar höfðu látist í árás . Hvar átti þessi árás sér stað? Nefnið borgina og landið.

_____

6. Hvað veist þú um þessa staði? Flettu upp í dagblöðum og/eða á netinu og athugaðu hvaða upplýsingar þú finnur um ástandið þar.

_____

_____

_____

_____

## Maríumessa

1. Af hverju mætti Erlend ekki í skólann á Maríumessu?

_____

_____

2. Hvað var Erlend gamall þegar móðir hans dó?

_____

3. Hvað áttu þeir Erlend, Snorri og Ólafur sameiginlegt?

_____

_____

4. Hvert var banamein móður Erlends?

_____

5. Hver heldur þú að ástæðan sé fyrir lystarleysi Þórhalls um kvöldið og af hverju býðst hann til að hella upp á kaffi fyrir foreldra sína?

_____

_____

_____

6. Nefndu eitthvað þrennt sem þú gætir gert til að sýna foreldrum þínum hversu vænt þér þykir um þá.

_____

_____

_____

## Bardagar

1. Hvað hét kona Ólafs Tryggvasonar?

_____

2. Hvernig leið Ólafi Tryggvasyni eftir að hún dó og hvernig reyndi hann að gleyma henni?

_____

_____

3. Hvað varð til þess að Ólafur Tryggvason hætti að taka þátt í bardögum og ránsferðum?

_____

_____

4. Hvernig stendur á því að Guri kallar Þórhall alltaf Magnus?

_____

_____

5. Hvað biður Guri Þórhall að gera fyrir sig?

_____

_____

_____

## Böðullinn

1. Við hvað varð Þórhallur svona hræddur?

   _____

   _____

2. Hvern sá hann?

   _____

   _____

3. Hvað er böðull og hver var iðja hans?

   _____

   _____

4. Hverjir urðu böðlar og hvað var gert við þá?

   _____

   _____

5. Teiknaðu böðul eftir lýsingunni í bókinni.

## Pælingar

1. Hvenær var síðasta aftaka á Íslandi?

   _____

2. Hvar átti hún sér stað?

   _____

3. Hverjir voru teknir af lífi?

   _____

   Aukaverkefni – leitaðu þér upplýsinga um ástæðu þess að þau voru tekin af lífi.

## Hetjur

1. Hákon jarl var við völd í Noregi. Hvað er það sem hann hræðist meira en annað?

   _____

2. Hvað gerir hann í málunum?

   _____

3. Hvað gerist hins vegar þegar Þórir mætir til Írlands?

   _____

4. Ólafur Tryggvason er á leið til Noregs. Hvaða aðferð notar hann til að kristna menn?

   _____

   _____

   _____

5. Hvernig bregst Hákon jarl við þegar Ólafur Tryggvason kemur til Noregs og af hverju?

   _____

   _____

6. Hvert flúði Hákon?

   _____

   _____

7. Hver var með honum? Sjá einnig í lokakaflanum *Á toppinn*.

   _____

8. Hvar fela þeir Hákon og Kargur sig?

   _____

   _____

9. Þegar Ólafur mætir til Þóru finnur hann ekki Hákon. Hann býður hins vegar vegleg verðlaun hverjum þeim sem drepa Hákon. Hver eru þau verðlaun?

_____

_____

10. Þrællinn Kargur og Hákon jarl eru í felum í stíunni. Hver verða örlög þeirra?

_____

_____

_____

11. Kargur sér fram á bjarta framtíð. Ólafur Tryggvason launar honum hins vegar ekki eins og hann átti von á. Hver verða örlög Kargs?

_____

_____

12. Hvað gerir Ólafur Tryggvason við höfuð jarlsins og þrælsins?

_____

_____

_____

13. Eftir að hafa heyrt þessa sögu verður Þórhallur öskureiður. Af hverju stafar þessi reiði?

_____

_____

## Munkarnir

1. Af hverju vildi Þórhallur ekki fara inn í kirkjuna?

_____

_____

2. Hvernig er munkunum lýst?

_____

_____

_____

3. Hvernig hafa þeir áreitt fólk?

_____

_____

_____

4. Endursegðu söguna af konunni sem fannst hún vera að kafna.

_____

_____

_____

_____

_____

## Seríur og músastigar

1. Hvers saknar Þórhallur á Þorláksmessu? Nefnið tvennt.

_____

_____

2. Ef þú værir að halda jól í útlöndum, hvers myndir þú sakna?

_____

_____

_____

## Skrattasker

1. Þórhallur gúgglaði Snorra Sturluson. Hvaða upplýsingar fann hann?

_____

_____

_____

2. Prufaðu að gúggla Snorra Sturluson. Hvað koma margar síður upp?

_____

3. Erlend segir Þórhalli söguna af bændunum þremur. Endursegðu hana með þínum orðum.

_____

_____

_____

_____

_____

_____

4. Hvaða tvo kosti bauð Ólafur bændunum?

_____

_____

_____

5. Hvers konar karlar eru seiðkarlar?

_____

_____

6. Hvernig reynir Ólafur að losna við þá í fyrsta skiptið?

_____

_____

_____

7. Hvert ná þeir að flýja?

_____

_____

8. Hvernig ætla seiðkarlarnir að hefna sín á Ólafi?

_____

_____

_____

9. Hvað fór úrskeiðis?

_____

_____

_____

10. Hvað gerir Ólafur til að losna við þá fyrir fullt og allt?

_____

_____

_____

11. Hvað nefnist skerið þar sem seiðkarlarnir létu lífið?

_____

## Uppgjör

1. Af hverju er Þórhallur í svona miklu uppnámi?

_____

_____

2. Hvað sakar hann foreldra sína um að vera?

_____

3. Hvað er að vera hræsnari? Flettu orðinu upp í orðabók ef þú ert ekki viss.

_____

4. Hversu gamall var Egill þegar hann myrti fyrsta manninn?

_____

## Vinir

1. Hver var maðurinn sem var í heimsókn í Póstveitu?

_____

2. Að hvaða leyti var andrúmsloftið í Póstveitu öðruvísi en vanalega?

_____

_____

## Brúnir á móti svörtum

1. Hvað vill Dimitri að Erlend geri?

_____

_____

2. Hvað finnst Erlend um þessa bón föður síns?

_____

_____

3. Endursegðu söguna um leynigöngin með þínum orðum.

_____

_____

_____

_____

_____

_____

_____

_____

## Út í óvissuna

1. Hvert er ferð fjölskyldunnar heitið?

   _____

   _____

2. Hvernig ætlar fjölskyldan að ferðast þangað?

   _____

   _____

3. Hvað finnst krökkunum um þetta ferðalag?

   _____

   _____

## Finnmörk

1. Hvern hittir Þórhallur á bryggjusporðinum?

   _____

2. Hvað er hann að gera á bryggjunni?

   _____

3. Hvaðan kemur Alí?

   _____

4. Þórður er búinn að panta far norður í land. Hver er ástæða þess að Finna er svona spennt fyrir ferðalaginu?

   _____

   _____

5. „Noregur var hernumin af Þjóðverjum“ er sagt í kaflanum. Hvað merkir að vera hernuminn?

   _____

6. Hver gaf skipunina um hernámið?

   _____

7. Hvert fluttist Finna eftir að ráðist hafði verið á Hammerfest, heimabæ hennar?

   _____

8. Hvað er andspyrnuhreyfing?

   _____

9. Hvað merkir að vera hlutlaus? Sbr. Svíþjóð var hlutlaust land.

   _____

10. Hvers vegna var Henry haltur?

_____

## Í landi miðnætursólarinnar.

1. Merkið inn á kortið: Heimskautsbauginn, Grímsey, Lofoteyjar og Hammerfest.

2. Hver gæti verið skýring þess að Þórhallur sér sýnir?

_____

_____

3. Hvaða sýn sér hann þegar þau nálgast Hammerfest?

_____

## Galdrar

1. Af hverju vill Hallgerður ekki skoða fleiri söfn?

_____

2. Hvað á hún við með því að Þjóðverjum líði illa að skoða stríðsminjarnar.

_____

_____

3. Hvar er Samaland?

_____

_____

4. Hverjir búa í Samalandi?

_____

5. Hvernig er þeim lýst í bókinni?

_____

6. Hvað héldu menn um fólkið sem bjó svona norðarlega?

_____

_____

7. Hvað kölluðu þeir mennina? En konurnar?

_____

_____

8. Í kaflanum er sagan um Svása og Snæfríði. Endursegðu hana með þínum orðum.

_____

_____

_____

_____

_____

_____

_____

9. Á hverju áttar Haraldur sig?

_____

_____

10. Hvað gerir hann við syni sína fjóra?

_____

## Pönnukökur með rjóma

1. Á meðan fjölskyldan var í ferðalagi hugsaði Finna um Guri. Hvað hafði breyst?

_____

2. Hvaða upplýsingar fáum við um bróður Guri?

_____

3. Hvernig stendur á hrolli Þórhalls?

_____

_____

4. Hvað kom fyrir Magnus?

_____

## Bollaleggingar

1. Hvaða hugmynd fékk Erlend?

_____

2. Hvernig ætluðu strákarnir að komast á leiðarenda?

_____

_____

## Á toppinn

1. Hver var Kargur? Sjá kaflann *Hetjur*.

_____

2. Hvað gera þeir félagar við hann?

_____

3. Hvernig „skreyta“ þeir Ólaf?

_____

4. Hverjir bíða eftir þeim þegar þeir koma niður?

_____

# Ritunarverkefni

## Örsaga

Hvað er örsaga?

- Örsaga er stutt frásögn í lausu máli.
- Örsaga er skyld ljóði.
- Örsaga er lík prósaljóði.
- Örsaga er hnitmiðuð.
- Örsaga er lík skyndimynd.
- Örsaga „fangar augnablikið“.
- Örsaga er áhrifarík.

Í bókinni er Þórhallur að semja örsögur. Flettu þeim upp og skoðaðu um hvað hann er að skrifa. Örsögur eru mjög stuttar sögur og því er viðfangsefni þeirra mjög afmarkað nánast eins og ljósmynd og fjalla ef til vill um :

- einn atburð
- upplifun
- tilfinningu
- einmanaleika
- söknuð
- hamingjustund
- minningu
- vonbrigði
- hugsun
- draum

Þegar örsaga er skrifuð sleppum við yfirleitt öllum lýsingum á umhverfinu og reynum að einbeita okkur að atburðarásinni. En ef við segjum frá umhverfinu þá er það gert í mjög stuttu máli og þá sagt frá því hvar atburðurinn gerist, hvað einkennir umhverfið, hvaða árstími er eða tími dags og ef til vill sagt frá atburði eða tilfinningu sem skiptir máli. Í lok sögunnar er ályktun dregin af mikilvægum atburði.

- Frásögnin er yfirleitt hlutlaus.
- Persónur eru skoðaðar út frá athöfnum og orðum.
- Aðeins er sagt frá því um hvað aðalpersónan er að hugsa.
- Þegar við skrifum örsögu er ágætt að hafa það í huga að þegar við vinnum með texta sem er mjög stuttur getur verið gott að beita brögðum til að halda lesandanum við efnið. Algengt er að nota andstæður eins og heitt og kalt, hliðstæður eins og rigningu og sorg og hafa það í huga að sleppa öllu sem ekki skiptir máli.

Nú skalt þú skrifa örsögu. Ef þú veist ekkert um hvað þú átt að skrifa, flettu þá upp örsögum Þórhalls og skoðaðu um hvað hann er að skrifa. Sagan má ekki vera lengri en 120 orð.

_____
_____
_____
_____
_____
_____
_____
_____
_____
_____
_____
_____
_____
_____
_____
_____

## Draugasaga

Þórhallur fær hroll þegar hann sér beinagrindurnar sem eru til sýnis á bókasafni í Þrándheimi. Nú átt þú að semja draugasögu. Þú getur notað eftirfarandi orð til að hjálpa þér af stað ef þér dettur ekkert í hug. Beinagrind, myrkur, nótt, tunglskin, draugur, vond lykt, óhugnanlegt hljóð, slím, gæsahúð, hrollur, öskur.

## Myndasaga

Rifjaðu upp söguna um Hákon jarl og þrælinn Karg. Hér eru settir upp níu myndarammar og þú átt að endursegja söguna í myndum.

| | | |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |

Hér eru hugmyndir af myndefni í myndasöguna. Veldu níu efni og teiknaðu þau. Ekki er nauðsynlegt að velja þessi efni ef þér detta önnur atriði úr sögunni í hug. Mundu bara að sagan verður að hafa upphaf og endi.

1. Hákon jarl – illilegur
2. Hákon og Kargur banka upp á hjá Þóru á bænum Rimul.
3. Þóra sýnir þeim svínastíuna.
4. Þrællinn grefur stóra gröf.
5. Þóra greiðir sér og puntar sig.
6. Bændurnir mæta og fara að leita.
7. Jarlinn og þrællinn í felum.
8. Ólafur kallar alla saman og tilkynnir að sá sem drepur Hákon skuli gerður að miklum höfðingja og launað ríkulega.
9. Þrællinn heyrir þetta og hugsar sér gott til glóðarinnar.
10. Þrællinn sker Hákon jarl á háls.
11. Þrællinn kemur með höfuðið af Hákoni jarli undir hendinni úr felustaðnum.
12. Þrællinn réttir Ólafi höfuðið.
13. Þrællinn Kargur er hálshöggvinn.
14. Ólafur Tryggvason lætur hengja upp höfuðin af Hákoni og Kargi á staura við Niðarós.

## Saga Ólafs Tryggvasonar

**Hér fyrir neðan er saga Ólafs Tryggvasonar eins og hún birtist okkur í *Hetjum*. Þitt verkefni er að endursegja hana með þínum orðum. Ef þú vilt getur þú myndskreytt söguna þína.**

Ólafur Tryggvason fæddist árið 963 og dó árið 1000. Hann var konungur frá því um 995. Foreldrar hans voru Tryggvi Ólafsson fylkiskonungur í Vigen og Ástríður Eiríksdóttir.

Sagan er eitthvað á þessa leið að eftir fall Tryggva, föður Ólafs, árið 963 náði Ástríður sem var þá ófrísk af Ólafi að flýja á brott og henni fylgdi fóstri hennar, Þórólfur lúsarskegg.

Óvinir þeirra fréttu að þessu og veittu þeim eftirför en þau náðu að flýja til Svíþjóðar þar sem þau bjuggu í þrjú ár.

Gunnhildur, móðir Haralds gráfeldar sem var þáverandi Noregskonungur og ekkja Eiríks blóðaxar sem áður hafði verið konungur í Noregi, gerði allt til þess að drepa Ólaf því hún óttaðist að hann gerði kröfu til þess að verða konungur Noregs.

Ástríður ákvað því að flýja til Garðaríks sem var víkinganýlenda í Rússlandi þegar Ólafur var þriggja ára gamall. Á leiðinni þangað var ráðist á skipið og Ástríði og Ólafi rænt og í kjölfarið urðu þau viðskila hvort við annað.

Hann var keyptur af eistneskum manni sem Klerkón hét og borgaði fyrir hann með einni geit og hið sama gilti um Þórólf lúsarskegg. Hins vegar þótti Klerkóni Þórólfur of gamall til að verða þræll og lét því drepa hann.

Stuttu síðar var Ólafur seldur til annars karls sem hét Réas og var bóndi í Eistlandi.

Þegar Ólafur var níu ára gamall kom Sigurður Eiríksson móðurbróðir hans frá Garðaríki til að innheimta skatta fyrir Valdimar konung í Hólmgarði. Sá hann fljótt að Ólafur bar af öðrum börnum og spurði hann að ætterni. Kom þá skyldleiki þeirra í ljós og keypti hann piltinn af bónda og eftir það ólst Ólafur í Hólmgarði sem var í áðurnefndu Garðaríki og dvaldi þar næstu níu árin á eftir.

Fræg er sagan þegar Ólafur níu ára gamall kom í Hólmgarð þar sem hann sá Klerkón sem drepið hafði Þórólf lúsraskegg fóstra hans. Hann hefndi fyrir Þórólf lúsarskegg með því að

höggva í höfuðið á Klerkón. Á þessum tíma var reglan sú að með réttu hefði átt að drepa Ólaf strax þar sem hann drap mann sem ekki hafði verið dæmdur.

Sigurður kom frænda sínum til Allógíu drottningar í Hólmgarði sem strax féll fyrir mikilfenglegu útliti drengsins. Naut hann ásjár og verndar drottningar og Valdimars manns hennar. Ólafur var næstu níu ár hjá konungshjónunum.

Ólafur finnur fyrir breytingu á sjálfum sér og ekki síður breytingu á kóngi sem var farinn að trúa því að Ólafur yrði sér hættulegur og fer hann að þrá það að komast til Noregs til að hitta frændur sína. Allógía drottning býr hann til ferðarinnar og á leið sinni til Noregs kemur hann við á Borgundarhólmi þar sem hann réðst á heimamenn og drap marga og tók fjöldan allan af þrælum.

Á leiðinni heim giftist Ólafur Geiru. Hún dó og hann varð mjög sorgmæddur í kjölfarið og lagðist í miklar orrustur og barðist og drap marga.

Ólafur Tryggvason barðist í fjögur ár eftir að konan hans dó. Í einum af bardögunum hitti hann einsetumann sem kristnaði hann. Eftir að hafa kristnast ætlaði Ólafur sér að kristna alla íbúa Noregs hvort sem þeim líkaði betur eða verr.

Ólafur hótaði þegnum sínum lífláti ef þeir tækju ekki upp kristna trú. Því gekk kristnitakan nokkuð fljótt fyrir sig í Noregi. Honum tókst þó ekki að kristna Noreg til fulls en nafni hans Ólafur helgi lauk við það! Nokkrir bændur reyndu að mótmæla Ólafi á þingi en það gekk ekki vel. Sá fyrsti fékk óstöðvandi hóstakast, annar stamaði ógurlega þannig að enginn skildi hvað hann var að segja og hlógu af honum og sá þriðji sem reyndi að mótmæla var það rámur að enginn heyrði hvað hann var að segja.

Fleiri reyndu að mótmæla Ólafi. Meðal annars seiðkarlarnir sem ætluðu sér að drepa Ólaf og mögnuðu seið sem framkallaði þoku en misreiknuðu sig því þeir sáu heldur ekki neitt í þokunni. Ólafur náði síðan að leika á þá og þeir enduðu æfi sína á Skrattaskeri.

Ólafur lét sennilega lífið í orrustunni við Svoldur í september árið 1000. Sveinn tjúguskegg, Danakonugur, Ólafur sænski, Svíakonungur og Eiríkur Hákonarson sátu fyrir honum. Talið er að þeir félagar hafi verið með allt að 70 skip en Ólafur eingöngu 11. Hann barðist þó þar til

eingöngu Ormurinn langi var eftir en þá kastaði hann sér í sjóinn. Enginn veit með vissu hvort hann féll en hann kom hvergi fram eftir það.

_____

_____

_____

_____

_____

### Aukaverkefni

Fjallið um heimsstyrjöldina síðari og hvernig Noregur blandaðist inn í hana.